

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2003/114/EB

2007/EES/26/25

frá 22. desember 2003

## um breytingu á tilskipun 95/2/EB um aukefni í matvælum önnur en litarefni og sætuefni (\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna <sup>(1)</sup>,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Einungis er heimilt að samþykkja notkun aukefna í matvælum ef þau uppfylla kröfur II. viðauka við tilskipun ráðsins 89/107/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi notkun leyfilegra aukefna í matvælum <sup>(3)</sup>.
- 2) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/2/EB frá 20. febrúar 1995 um aukefni í matvælum önnur en litarefni og sætuefni <sup>(4)</sup> var sett fram skrá yfir aukefni í matvælum sem leyfð eru í Bandalaginu og notkunarskilyrði þeirra.
- 3) Frá því að tilskipun 95/2/EB var samþykkt hefur orðið tæknileg þróun á sviði aukefna í matvælum. Þá tilskipun ber að laga að þessari þróun.
- 4) Í tilskipun ráðsins 88/388/EBE frá 22. júní 1988 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um bragðefni til notkunar í matvælum og grunnefni til framleiðslu þeirra <sup>(5)</sup> er kveðið á um samþykkt skrár yfir aukefni, sem eru nauðsynleg vegna geymslu og notkunar bragðefna og um samþykkt hvers kyns sérstakra skilyrða fyrir notkun slíkra aukefna sem kunna að vera nauðsynleg til að vernda lýðheilsu og tryggja góða viðskiptahætti.

- 5) Æskilegt er að þessar ráðstafanir, sem varða aukefni sem nauðsynleg eru vegna geymslu og notkunar bragðefna, séu felldar inn í tilskipun 95/2/EB, til að stuðla að gagnsæi og innbyrðis samræmi löggjafar Bandalagsins og til að auðvelda matvælaframleiðendum, einkum litlum og meðalstórum fyrirtækjum, að uppfylla ákvæði í löggjöf Bandalagsins um aukefni í matvælum. Auk þess falla bragðefni, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla <sup>(6)</sup>, undir skilgreininguna á „matvælum“.

- 6) Þótt heimila beri notkun aukefna, sem eru nauðsynleg til að tryggja öryggi og gæði bragðefna og auðvelda geymslu þeirra og notkun, skal magn aukefna í slíkum bragðefnum ekki vera meira en þarf til þess að ná tilskildum áhrifum. Auk þess skal vera tryggt að neytendur fái réttar og fullnægjandi upplýsingar um notkun aukefna sem eru ekki villandi.

- 7) Magn aukefnis í matvælum, sem rekja má til notkunar bragðefnis, er yfirleitt lítið og aukefnið gegnir ekki tæknilegu hlutverki í matvælunum. Ef aukefnið gegnir hins vegar tæknilegu hlutverki í samsettu matvælunum skal líta á það sem aukefni í þeim en ekki sem aukefni í bragðefninu og viðkomandi reglur, sem varða aukefnið í þessum tilteknu matvælum, skulu gilda, þ.m.t. reglur um merkingar sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla <sup>(7)</sup>.

- 8) Í samræmi við tilskipun 88/388/EBE skulu matvælaframleiðendur upplýstir um styrk allra aukefna í bragðefnum svo að þeim sé unnt að fara að ákvæðum löggjafar Bandalagsins. Í tilskipuninni er þess einnig krafist að magn allra efnisþátta, sem háðir eru magntakmörkunum í matvælum, sé tilgreint við merkingu. Magntakmörkun er tilgreind annaðhvort í tölum eða samkvæmt meginreglunni um að notkun skuli vera eftir þörfum (quantum satis).

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB 24, 29.1.2004, bls. 58. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2004, 24. september 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 10.3.2005, bls. 33.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 208, 3.9.2003, bls. 30.

<sup>(2)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 3. júlí 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), og ákvörðun ráðsins frá 1. desember 2003.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 40, 11.2.1989, bls. 27. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/34/EB (Stjtið. EB L 237, 10.9.1994, bls. 1).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 61, 18.3.1995. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/52/EB (Stjtið. EB L 178, 17.7.2003, bls. 23).

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 184, 15.7.1988, bls. 61. Tilskipuninni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/71/EBE (Stjtið. EB L 42, 15.2.1991, bls. 25).

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) N 1642/2003 (Stjtið. EB L 245, 29.9.2003, bls. 4).

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/89/EB (Stjtið. EB L 308, 25.11.2003, bls. 15).

9) Í samræmi við meðalhófsregluna er nauðsynlegt og viðeigandi að setja reglur um notkun aukefna í bragðefnum til að ná grundvallarmarkmiðinu um að tryggja heildstæðan markað og öfluga neytendavernd. Með þessari tilskipun er ekki gengið lengra en nauðsynlegt er til þess að ná settum markmiðum í samræmi við 5. gr. sáttmálans.

10) Að beiðni aðildarríkis og í samræmi við álit vísindanefndarinnar um matvæli, sem var sett á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/579/EB frá 23. júlí 1997 um stofnun vísindanefnda á sviði heilbrigðis neytenda og öryggis matvæla<sup>(1)</sup>, skal leyfa notkun vetnaðs pólý-1-dekens, sem var leyft á innlendum vettvangi samkvæmt tilskipun 89/107/EBE.

11) Bifenýl (E 230), ortófenýlfenól (E 231) og natríum-ortófenýlfenól (E 232) eru skráð sem rotvarnarefni í og á sítrusávexti í tilskipun 95/2/EB. Þau falla hins vegar undir skilgreininguna á „plöntuvarnarefnum“ í tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna<sup>(2)</sup>. Því skulu efnin ekki lengur falla undir gildissvið tilskipunar 95/2/EB. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að hvergi verði lagalegt tómarúm varðandi þessi efni. Fjalla skal um leyfið til að markaðssetja þessi efni sem plöntuvarnarefni eins fljótt og við verður komið.

12) Þann 4. apríl 2003 lýsti vísindanefndin um matvæli yfir því að afturkalla skuli tímabundin gildi fyrir viðtekinn dagskammt að því er varðar E 214 til E 219, p-hýdróbensósýrualkýlestra og natríumsölt þeirra, ef engin frekari gögn um inntekið magn með fæðu og eiturhrif eru lögð fram.

13) Því ber að breyta tilskipun 95/2/EB til samræmis við þetta.

14) Í tilskipun ráðsins 67/427/EBE frá 27. júní 1967 um notkun ákveðinna rotvarnarefna við yfirborðsmeðferð sítrusávaxta og eftirlitsráðstafanir sem ber að grípa til vegna greiningar á magni og eðli rotvarnarefna í og á sítrusávöxtum<sup>(3)</sup> er mælt fyrir um eftirlitsráðstafanir varðandi rotvarnarefni í og á sítrusávöxtum. Þar eð ekki er lengur heimilt, samkvæmt tilskipun 95/2/EB, að nota þessi rotvarnarefni í sítrusávöxtum er nauðsynlegt að fella úr gildi tilskipun 67/427/EBE.

15) Haft var samráð við vísindanefndina um matvæli áður en samþykkt voru ákvæði sem geta haft áhrif á lýðheilsu, samkvæmt 6. gr. tilskipunar 89/107/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*I. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á tilskipun 95/2/EB:

1. Í stað v-liðar 3. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„v) „stöðgari“: efni sem er notað til að halda við eðlisefnafræðilegu ástandi matvæla; til stöðgara teljast efni sem draga úr líkum á aðskilnaði mismunandi efnisþátta í einsleitri ýrulausn í matvælum, sem blandast ekki saman, efni sem stöðga, halda við eða styrkja litarefni sem fyrir eru í matvælum og efni sem auka bindandi eiginleika matvæla, m.a. þá sem stuðla að myndun víxltennga milli prótína þannig að matvælabitar bindist saman í endurgerðum matvælum.“

2. Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Heimilt er að setja aukefni í matvæli sem hér segir:

a) í samsett matvæli, önnur en þau sem nefnd eru í 3. mgr. 2. gr., að því tilskildu að aukefnið sé heimilað í einhverju innihaldsefna samsettu matvælanna,

b) í matvæli sem bragðefni hafa verið sett í, að því tilskildu að aukefnið sé leyft til notkunar í bragðefnum samkvæmt þessari tilskipun og hafi færst yfir í matvælin með bragðefninu að því tilskildu að aukefnið gegni engu tæknilegu hlutverki í endanlegu matvælunum eða

c) ef nota á matvælin eingöngu við framleiðslu á samsettum matvælum, sem samrýmast þessari tilskipun, og að því gefnu að samsettu matvælin séu í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.“

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3. Magn aukefna í bragðefnum skal takmarkast við það lágmark sem er nauðsynlegt til að tryggja öryggi og gæði bragðefnanna og auðveldla geymslu þeirra. Tilvist aukefna í bragðefnum má heldur ekki villa neytendum sýn eða stofna heilsu þeirra í hættu. Ef aukefni í matvælum, sem rekja má til þess að bragðefnum var bætt í matvælin, gegna tæknilegu hlutverki í matvælunum skal líta á það sem aukefni í matvælunum en ekki sem aukefni í bragðefninu.“

3. Viðaukunum er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

*2. gr.*

1. Framkvæmdastjórnin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu skulu endurskoða skilyrðin fyrir notkun aukefnanna E 214 til E 219 fyrir 1. júlí 2004.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 237, 28.8.1997, bls. 18. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2000/443/EB (Stjtið. EB L 179, 18.7.2000, bls. 13).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 806/2003 (Stjtið. EB L 122, 16.5.2003, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Stjtið. 148, 11.7.1967, bls. 1.

2. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um framvindu við endurmat á aukefnum fyrir 27. janúar 2006. Þetta endurmat skal einkum beinast að E 432 til E 436 (pólýsorböt), sem og E 251 og E 252 (nitröt) og E 249 og E 250 (nitrít).

3. gr.

Tilskipun 67/427/EBE er felld úr gildi.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari í því skyni að:

— heimila viðskipti með vörur, sem samrýmast ákvæðum þessarar tilskipunar, og notkun þeirra eigi síðar en 27. júlí 2005,

— banna viðskipti með vörur, sem samrýmast ákvæðum þessarar tilskipunar, og notkun þeirra eigi síðar en 27. janúar 2006. Þó er heimilt að selja vörur, sem eru settar á markað eða merktar fyrir þann tíma, þótt þær séu ekki í samræmi við þessa tilskipun, á meðan birgðir endast.

Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

5. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. desember 2003.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

P. COX

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

A. MATTEOLI

*forseti.*

## VIÐAUKI

Viðaukunum við tilskipun 95/2/EB er breytt sem hér segir:

## 1. í I. viðauka:

## a) komi eftirfarandi í stað 2. athugasemdar:

„2. Heimilt er að staðla efni, sem eru gefin upp undir númerunum E 407, E 407a og E 440, með sykrum ef það er tilgreint til viðbótar við númerið og heitið.“

## b) í skránni yfir aukefni:

- komi „E 170 Kalsíumkarbónat“ í stað allrar færslunnar fyrir E 170,
- bætist heitið „Sellulósagúmmí“ við í færslunni fyrir E 466,
- bætist heitið „Sellulósagúmmí, vatnsrofið með ensínum“ við í færslunni fyrir E 469,

## 2. í II. viðauka:

## a) komi „E 170 Kalsíumkarbónat“ alls staðar í stað „E 170 Kalsíumkarbónöt“,

## b) bætist eftirfarandi við skrána yfir aukefni og hámarksgildi varðandi „Kakó- og súkkulaðivörur samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2000/36/EB“:

	„E 472c Sítrónusýruestrar ein- og tvíglýseríða af fitusýrum	eftir þörfum (quantum satis)“
--	---	-------------------------------

## c) bætist eftirfarandi við í skrána yfir aukefni og hámarksgildi fyrir „Fryst og djúpfrest, óunnin aldin og grænmeti; pökkuð, kæld, óunnin aldin og grænmeti, tilbúin til neyslu, og pakkaðar, óunnar og skrældar kartöflur“:

	„E 296 Eplasyra	eftir þörfum (eingöngu fyrir skrældar kartöflur)“
--	-----------------	---

## d) bætist eftirfarandi við skrána yfir aukefni og hámarksgildi fyrir færsluna „Soðnir ávextir“:

	„E 440 Pektín E 509 Kalsíumklóríð	eftir þörfum (eingöngu fyrir aðra soðna ávexti en epli)“
--	--------------------------------------	--

## e) bætist eftirfarandi við skrána yfir aukefni og hámarksgildi fyrir færsluna „Mozzarella og mysuostur“:

	„E 460ii Sellulósaduft	eftir þörfum (eingöngu fyrir rifinn og sneiddan ost)“
--	------------------------	---

## f) bætist eftirfarandi línur við í lok viðaukans:

„Leifturhituð geitamjólk	E 331	Natríumsítröt	4 g/l
Kastaníuhnetur í vökva	E 410 E 412 E 415	Karóbgúmmí Gúargúmmí Xantangúmmí	eftir þörfum“

## 3. í III. viðauka:

## A. er A-hluta breytt sem hér segir:

## a) eftirfarandi komi í stað setningarhlutans „Kaffibrauð, hálfbakað og pakkað, ætlað til smásölu“: „Kaffibrauð, hálfbakað og pakkað, ætlað til smásölu og orkusnautt brauð ætlað til smásölu“,

## b) í lok þessa hluta bætist eftirfarandi línur við:

„Soðnir vatnakrabbahalar og pökkuð, kryddlegin, soðin lindýr	2 000					
Bragðefni				1 500“		

B. er C-hluta breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi línur eru felldar brott:

„E 230	Bífenýl, dífenýl	Yfirborðsmeðferð sitrusávaxta	70 mg/kg
E 231	E 904 Skellakk	Yfirborðsmeðferð sitrusávaxta	12 mg/kg, hvert um sig eða í samsetningum, gefið upp sem ortófenýlfenól
E 232 (*)			

(\*) Brottfelling færslanna fyrir E 231, ortófenýlfenól, og E 232, natriumortófenýlfenól, öðlast gildi um leið og kröfur um merkingu matvæla, sem hafa verið meðhöndluð með þessum efnum, öðlast gildi samkvæmt löggjöf Bandalagsins um hámarksgildi leifa að því er varðar plöntuvarnarefni.“

b) eftirfarandi matvæli bætist við E 1105:

		„Vín í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 (*) og framkvæmdareglugerð hennar (EB) nr. 1622/2000 (**)	Til minnis (Pro memoria)
--	--	---	--------------------------

(\*) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins (Stjtið. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1795/2003 (Stjtið. EB L 262, 14.10.2003, bls. 1).

(\*\*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1622/2000 frá 24. júlí 2000 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins og settar Bandalagsreglur um vínfræðilegar vinnsluáferðir og vinnslu (Stjtið. EB L 194, 31.7.2000, bls. 1). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1410/2003 (Stjtið. EB L 201, 08.08.2003, bls. 9).“

C. er D-hluta breytt sem hér segir:

a) bætist eftirfarandi matvæli og hámarksgildi við í lok þessa hluta:

„E 310	Própýlgallat	Ilmkjarnaolíur	1 000 mg/kg (gallöt og BHA, hvert um sig eða í samsetningum)
E 311	Oktýlgallat		
E 312	Dódekýlgallat		
E 320	Bútýlað hýdroxýanisól (BHA)	Önnur bragðefni en ilmkjarnaolíur	100 mg/kg (gallöt, hvert um sig eða í samsetningum) eða 200 mg/kg (BHA)“

b) í upptalningunni á matvælum varðandi E 315 og E 316 komi eftirfarandi í stað setningarhlutans „Hálfrotvarðar og rotvarðar kjötvörur“: „Pækilsaltaðar kjötafurðir og aðrar rotvarðar kjötafurðir“.

4. í IV. viðauka:

a) bætist eftirfarandi matvæli og hámarksgildi við að því er varðar E 338 til E 452:

		„Bragðefni	40 g/kg“
--	--	------------	----------

b) falli eftirfarandi matvæli og hámarksgildi brott að því er varðar E 338 til E 452:

		„Epla- og perusítri	2 g/l“
--	--	---------------------	--------

c) bætist eftirfarandi matvæli og hámarksgildi við E 416:

		„Bragðefni	50 g/kg“
--	--	------------	----------

d) bætist eftirfarandi matvæli og hámarksgildi við að því er varðar E 432 til E 436:

		„Bragðefni, að undanskildum fljótandi reykbragðefnum og bragðefnum sem eru að stofni til úr kryddóleóresinum (*)	10 g/kg
		Matvæli sem innihalda fljótandi reykbragðefni og bragðefni sem eru að stofni til úr kryddóleóresinum	1 g/kg

(\*) Kryddóleóresín eru samkvæmt skilgreiningu kryddkjarni þar sem útdráttarleysirinn hefur verið látinn gufa upp svo eftir verður blanda rokgyrnar olíu og resínkenns efnis úr kryddinu.“

e) bætist eftirfarandi matvæli og hámarksgildi við að því er varðar E 444:

		„Bragðbættir, skýjaðir, brenndir drykkir sem innihalda minna en 15% alkóhól miðað við rúmmál	300 mg/l“
--	--	--	-----------

f) bætist eftirfarandi færsla, sem varðar E 551, við á eftir upptalningu á matvælum og hámarksgildum fyrir E 535 til E 538:

„E 551	Kísildíoxíð	Bragðefni	50 g/kg“
--------	-------------	-----------	----------

g) bætist eftirfarandi matvæli og hámarksgildi við E 900:

		„Bragðefni	10 mg/kg“
--	--	------------	-----------

h) skal færslan: „E 903 Karnúbavax“ felld brott í upptalningu á matvælum og hámarksgildum að því er varðar E 901 til E 904 og eftirfarandi færslu, sem varðar E 903, er bætt við á eftir færslunni „E 904 Skellakk“:

„E 903	Karnúbavax	Eingöngu sem húðunarefni fyrir: — sælgæti (þ.m.t. súkkulaði)  — smáar kökur með súkkulaðihjúp — nasl — hnetur — kaffibaunir — fæðubótarefni — ferska sitrusávexti, melónur, epli, perur, ferskjur og ananas (eingöngu yfirborðsmeðferð)	500 mg/kg 1200 mg/kg (eingöngu fyrir tyggigúmmi) 200 mg/kg 200 mg/kg 200 mg/kg 200 mg/kg 200 mg/kg 200 mg/kg“
--------	------------	---	--

i) bætist eftirfarandi matvæli og hámarksgildi við E 459:

		„Húðuð bragðefni í — bragðbættu tei og bragðbættu skyndi-drykkjardufti — bragðbættu nasli	500 mg/l  1 g/kg í matvælum þegar þeirra er neytt eða þegar þau hafa verið endurgerð í samræmi við fyrirmæli framleiðandans“
--	--	---	--

j) bætist eftirfarandi línur við viðaukann aftast:

„E 907	Vetnað pólý-1-deken	Sem húðunarefni fyrir: — sælgæti — þurrkaða ávexti	2 g/kg 2 g/kg
E 1505 E 1517 E 1518 E 1520	Trietýlsítrat Glýserýldíasetat (díasetín) Glýserýltríasetat (tríasetín) Própan-1,2-díól (própýlenglýkól)	Bragðefni	3 g/kg frá öllum upptökum í matvælum þegar þeirra er neytt eða þegar þau hafa verið endurgerð í samræmi við fyrirmæli framleiðandans, hvert um sig eða í samsetningu. Ef um drykkjarvörur er að ræða skal hámarksgildi E 1520 vera 1 g/l.
E 1519	Bensýlalkóhól	Bragðefni fyrir — líkjöra, kryddvín, drykki að stofni til úr kryddvíni og hanastél að stofni til úr kryddvíni.  — sælgæti, þ.m.t. súkkulaði og fint kaffibrauð	100 mg/l  250 mg/kg frá öllum upptökum í matvælum þegar þeirra er neytt eða þegar þau hafa verið endurgerð í samræmi við fyrirmæli framleiðandans“

## 5. í V. viðauka:

- a) bætist eftirfarandi lína við í lok viðaukans:

„E 555	Kalíumálsilikat	Í E 171, titandíoxíð, og E 172, járnóxið og -hýdroxíð (að hámarki 90% í hlutfalli við fastlitarefnið)“
--------	-----------------	--

- b) bætist heitið „Vixltengt sellulósagúmmi“ við að því er varðar E 468,

## 6. í VI. viðauka:

- a) bætist eftirfarandi málsgrein aftan við fyrstu málsgrein í athugasemdinni:

„Í blöndum og afvenslunaræðu fyrir smábörn og ung börn má vera E 1450, natríumoktenýlsúksínatsterkja, úr viðbættum vítamínblöndum eða blöndum með fjölómettuðum fitusýrum. Yfirfærslan af E 1450 í matvæli, sem eru tilbúin til neyslu, skal ekki vera meiri en 100 mg/kg úr vítamínblöndum og 1000 mg/kg úr blöndum með fjölómettuðum fitusýrum.“

- b) í 4. hluta:

— komi eftirfarandi í stað fyrirsagnarinnar:

„AUKFNI LEYFÐ Í SÉRFÆÐU FYRIR UNGBÖRN OG SMÁBÖRN Í SÉRSTÖKUM, LÆKNISFRÆÐILEGUM TILGANGI SAMKVÆMT SKILGREININGU Í TILSKIPUN 1999/21/EB (\*)

(\*) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/21/EB frá 25. mars 1999 um sérfaði sem er notað í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi (Stjtið. EB L 91, 7.4.1999, bls. 29).“

— bætist eftirfarandi við töfluna:

„E 472c	Sítrónusýruestrar ein- og tvíglýseríða af fitusýrum	7,5 g/l selt sem duft 9 g/l selt sem vökvi	Frá og með fæðingu“
---------	---	---	---------------------